

Greinargerð um störf Kjörnefndar Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir aðalfund 2022.

Kjörnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga starfar samkvæmt starfsreglum sem stjórn Lánasjóðsins setur henni og eru í samræmi við Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja (LSF) útgefnu af Samtökum atvinnulífsins, Viðskiptaráði Íslands og Kauphöll (www.leidbeiningar.is).

Í samræmi við þetta hefur Lánasjóðurinn birt viðeigandi upplýsingar á heimasíðu félagsins í aðdraganda aðalfundarins.

Stjórn Lánasjóðsins skipaði Magnús B. Jónsson (formann), Heiðu Björg Hilmisdóttur og Rósu Guðbjartsdóttur í kjörnefnd á fundi 31. janúar 2022.

Framkvæmdastjóri Lánasjóðsins fyrir hönd kjörnefndar sendi öllum sveitarstjórnnum bréf þar sem óskað var eftir framboðum eða tilnefningum til stjórnar fyrir miðvikudaginn 9. mars s.l. Framboð bárust frá öllum sitjandi stjórnar- og varastjórnarmönnum. Kristinn Jónasson bauð sig einn fram til formanns stjórnar.

Við uppstillingu til stjórnar hefur sem fyrr verið tekið tillit til eðlilegs hlutfalls minni og stærri hluthafa sem og lögbundins kynjahlutfalls, landshlutasjónarmiða og þess pólitíska veruleika sem ríkir hjá sveitarstjórnnum á landsvísu.

Með fyrrgreind sjónarmið í huga er niðurstaða kjörnefndar eftirfarandi:

Kjörnefnd leggur til að Kristinn Jónasson Snæfellsbæ verði kosinn formaður Lánasjóðsins 2022 til 2023.

Kjörnefnd leggur til að eftirfarandi aðilar skipi stjórn og varastjórn 2022-2023:

Aðalmenn:	Í stjórn frá:	Varamenn:	Í vara-stjórn frá:
Kristinn Jónasson, stjórnarformaður Bæjarstjóri Snæfellsbæjar	1999	Ólafur Þór Ólafsson Sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps	2012
Arna Lára Jónsdóttir Bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ	2017	Karen Halldórsdóttir Bæjarfulltrúi í Kópavogi	2019
Elliði Vignisson Bæjarstjóri Ölfuss	2011	Lilja Einarsdóttir Oddviti Rangárþingi eystra	2019
Guðmundur B. Guðmundsson Formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar	2019	Fannar Jónasson Bæjarstjóri í Grindavík	2020
Helga Benediksdóttir Deildarstj. fjárstýringardeildar Reykjavíkurborgar	2012	Katrín Sigurjónsdóttir Sveitarstjóri Dalvíkurbyggð	2019

Ásamt því að gera tillögu að stjórn og varastjórn félagsins hefur Kjörnefnd það hlutverk að gera tillögu um fundarstjóra fyrir aðalfund félagsins.

Kjörnefnd leggur til að Heiða Björg Hilmisdóttir verði fundarstjóri aðalfundar Lánasjóðs sveitarfélaga 1. apríl 2022.

Tillögur Kjörnefndar verða aðgengilegar frá og með 29. mars 2022 á heimasíðu Lánasjóðsins undir www.lanasjodur.is/kjornefnd.

Vakin er sérstök athygli á að samkvæmt lögum skal framboðsfrestur vera þar til 5 dögum fyrir aðalfund. Framboðsfrestur til stjórnar LS rann því út kl. 8:00 að morgni sunnudagsins 27. mars 2022. Þar sem ekki bárust önnur framboð fyrir tilskilin frest eru framangreindir frambjóðendur til stjórnar og varastjórnar sjálfkjörnir.

Skagaströnd, 28. mars 2022

Fh. Kjörnefndar Lánasjóðsins

Magnús B. Jónsson